

LISTIR

„Öll teiknum við myndir í huganum“

Um þessar mundir stendur yfir sýning í Hafnarhúsinu á teikningum eftir norska listamenn. Heiða Jóhannsdóttir skoðaði sýninguna og ræddi við Ragnheiði Jónsdóttur sýningarstjóra og listamanninn Kalle Grude um mikilvægi teikningarinnar sem sjálfstæðs listmiðils.

TILDRÖG sýningarinnar eru þau að Listasafn Reykjavíkur og Teikn- arasamtökin í Noregi báðu listafólkið Ragnheiði Jónsdóttur og Patrick Huse að taka að sér sýningarstjórn fyrir sameiginlegt verkefni. Valdi Ragnheiður norska listamenn til sýningar í Reykjavík en íslenskir listamenn voru valdir af Huse til að sýna í Osló. Ragnheiður hefur sjálf fengist mikið við teikningar á myndlistarferli sínum og bendir hún á að teikningin njóti ekki alltaf þeirrar athygli sem hún á skilið. „Lítill rækt er lögð við teikninguna sem sjálfstætt listform og mættu listaskólarnir standa sig mun betur á því sviði. Það er líka mjög sjaldan að fólk gefst tækifæri til að sjá teikningar hér á landi,“ segir Ragnheiður og bætir því við að ánægjulegt sé fyrir íslenska myndlistarmenn að eiga samvinnu við Teiknisamtökin í Noregi sem hafi starfað ötullega að því að hlúa að teiknilistinni þar í landi.

Norðmennirnir sem sýna í Hafnarhúsinu eru þau Milda Graham, Kalle Grude og Sverre Wilhelm Malling en einnig er að finna myndskjuggur af verkum eftir 17 listamenn og myndbönd sem sýna ólíka útfærslu listamanna í teikningum. „Við valið á þeim sem sýna verk hér í Hafnarhúsinu leitaði ég eftir tilraunaverkum því markmið sýningarinnar er að varpa ljósi á stöðu teikningarinnar í samtímanum,“ segir Ragnheiður.

Vélknúni teiknarinn

Samsýning listamanna þriggja ber fjölbreyttri túlkun á miðlinum glögggt vitni. Í verkum sínum, sem eru unnin á árunum 1987 til 2001, notast Milda Graham við blýant, kol, túss og blandaða tækni. Ragnheiður bendir á að hin minimalistísku verk Mildu Graham vaxi frá fisléttum, gagnsæjum vef og endi í massífum verkum sem hafa þyngd. Grunnþema verka Mildu er spennan milli hins lárétta og hins lóðrétt. Sverre Wilhelm Malling stundar nám við Listaakademiuna í Osló og er í hópi ungra listamanna sem leggja stund á



Morgunblaðið/Jim Smart

Myndlistarmaðurinn Kalle Grude við vélgerða teikningu sína.

teikningu sem sjálfstæða listgrein. Hann sýnir röð ferkantaðra kola- teikninga sem sýna samspil ljóss og skugga á vatnsfleti. Verkin kalla á mismunandi túlkun enda taka þau á sig ólíkar myndir eftir afstöðu áhorfandans. Við fyrstu sýn virðist e.t.v. vera um ljósmýndir að ræða, svo finlega eru kolateikningar listamannsins unnar. Einnig tekst á skynjun á dýpt og yfirborði og nær listamaðurinn þannig að fanga breytileika og hreyfingu í verkum sínum.

Teikningar listmannsins og arkitektsins Kalle Grude eru unnar árið 1992. Um er að ræða vélteikningar sem Grude fékk hugmyndina að þegar hann var staddur í New York á tímum Persaflóastríðsins. „Verið var að selja rafdrifnar hermannaþrúður sem skrifuðu eftir jörðinni og „skutu“ úr vélbyssu. Eitthvað við þetta vél- genga fyrirbæri vakti áhuga minn, mér fannst þetta leikfang vera svo lýsandi fyrir samtímanum,“ segir Grude. Hann festi kaup á nokkrum brúðum og notaði þær sem hluta af sýningu í Osló. Þar lagði hann nú auð blöð á gólf sýningarsalarins, kom nagla fyrir í miðju hvers blaðs og festi vélbrúðu við naglann með

bandi. Penni var síðan festur við olboga og hné brúðanna og þær gangsettar. Brúðurnar teiknuðu smám saman hringi á blaðið, sem minnkuðu eftir því sem spottinn styttest við það að vefjast upp á naglann. Með þessu móti bjó Grude til sjálfvirka teiknivél sem kom í hans stað. Þrjú þessara verka sýnir Grude í Hafnarhúsinu. „Það sem mér finnst merkilegast við útkomuna er að verkin fá á sig „handgerðan“ blæ, sem sjaldan tekst þegar um vélteikningar er að ræða. Það kom til af því að tindáttarnir entust mis- vel, pennarnir slitnuðu mishratt og ákveðnar misfellur komu fram þegar rafhlöður dóu. Kannski segja verkin okkur ekki eingöngu eitthvað um hinn vélræna nútíma heldur einnig hvernig tæknin er háð utanaðkomandi áhrifum.“ Í myndbandi sem sýnt er má sjá hina ný- stárlegu teiknivél Kalle Grude við vinnu sína á sýningunni frá því árið 1992.

Mikil breidd

Sýning íslensku listamanna í Osló verður opnuð 19. maí. Þar munu sýna þau Birgir Andrésson, Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson og Ragnheiður Jónsdóttir. Vegleg sýningarskrá með verkum norsku og íslensku listamanna er gefin út í tengslum við sýningarnar og má þar sjá mikla breidd í vali verka. „Teikningarnar eru unnar með blýanti, bleki, kolum, grafiti og ýmiss konar blandaðri tækni. Þar er beitt jafnt hefðbundnum aðferðum sem og tilraunakenndum. Ragnheiður segir sýninguna til þess fallna að vekja forvitni leikra sem lærðra og bendir á að listnemar gætu haft gagn af því að skoða sýninguna. „Listamenn nota skyssur að meira eða minna leyti við gerð verka sinna. Börnum er það mjög eðlilegt að nota teikningar til að tjá sig, og öll teiknum við eins konar myndir í huga okkar þegar við hugsum,“ segir hún.

Sýningin í Hafnarhúsinu var opnuð 5. maí og stendur til 17. júní.

heida@mbl.is

Haraldur Ingi Haraldsson opnar sýningu á Café Karólínu

Sumri fagnað með laxi og silungi

KOMANDI veiðisumri verður fagnað með opnun myndlistarsýningar Haraldar Inga Haraldssonar á Café Karólínu á Akureyri á föstudaginn kl. 17. Opunarhelgina verður Haraldur Ingi jafnframt sérstakur ráðgjafi, matargestum til halds og trausts.



Úr veiðiveröld Haraldar Inga Haraldssonar myndlistarmanns.

Verkin eru frummyndir úr riti Haraldar, „Lax og silungur. Rit um matargerðarlist og veiðigleði“, sem út kom í fyrra. Þar er að finna umfjöllun Haraldar um stangveiði og matreiðslu þess góðgættis sem lax og silungur eru, auk þess sem bókin geymir uppskriftir eftir þjóðþekktu Íslendinga sem allir eiga það sameiginlegt að njóta matargerðar, útvistar og/eða stangveiði. Bókin inniheldur jafnframt fjölda mynda eftir Harald, af gómsætum fiskréttum og veiðimennsku. Á sýningunni gefst gestum kostur á að skoða frummyndirnar sem notaðar voru í bókina, en þar er um að ræða teikningar og málverk.

Haraldur Ingi nam myndlist við Myndlista- og handíðaskólann og síðar í Hollandi og hefur haldið 16 einkasýningar. Í bókinni Lax og silungur blandar Haraldur saman listsköpun, veiðimennsku og matargerðarlist, en undirtitill hennar er Matúr – veiði – vín – myndlist. „Það má segja að ég sé að blanda saman þremur mikilvægum hlutum úr mínu uppeldi. Í fyrsta lagi stangveiði, sem ég lærði við föðurhné. Í öðru lagi matreiðsluáhuga, sem kviknaði eftir að ég sótti matreiðslunámskeið í Húsmæðraskólanum á Akureyri. Í þriðja lagi myndlistinni, sem ég ákvað að leggja fyrir mig síðar meir,“ segir Haraldur. Aðspurður vill hann þó ekki leggja matargerðarlist að jöfnu við myndlist, en segir

hvort tveggja gera ákveðnar kröfur til skapandi hugsunar. „Skapandi hugsun er manninn nauðsynleg í öllu hans lífi. Hvort sem það kemur listum eða einhverju allt öðru við.“ Stangveiðina segir Haraldur tengjast listinni óbeint, því þar fær hann hráefnið til að elda, bera á borð og hugsa um myndrænt.

Á sýningunni er að finna rúmlega 80 myndir, sem skipta má í þrjú flokka. „Í fyrsta lagi er um að ræða myndir sem ég kalla „Úr veiðiveröld“ en þar reyni ég að tjá þá gleði og ánægju sem er í því fólgin að vera úti við vatnsföll með stöng í hönd. Þar koma jafnt fullorðnir sem börn við sögu. Síðan eru teikningar og málverk af réttunum sjálfum, sem ég hef dálítið gaman af því að gera, eins og t.d. að mála 200 gr af sveppum. Síðan eru það myndir af þeim þekktu Íslendingum sem hafa ljáð ritinu sínar uppáhaldsuppskriftir.“

Haraldur mun sem fyrr segir bregða sér í hlutverk sérstaks „gestaverts“ á Café Karólínu. Þar verður boðið upp á sérstakan laxa- og silungamatseðil sem byggður er að hluta til á listaverkabók Haraldar. „Matseðillinn er unnin í samráði okkar Guðmundar Rúnars Brynjarssonar meistarakokks á staðnum og Magnúsar vínþjóns og hörkuveiðimanns. Café Karólína mun síðan halda áfram matseðlinum.“ Haraldur Ingi minnir að lokum á að allir séu hjartanlega velkomnir á opnunina á föstudaginn en þar verður boðið upp á léttar lax- og silungaveitingar. „Við ætlum að fagna vori og sumri með laxi og silungi, enda er náttúruan öll að vakna til lífsins,“ segir hann.



Allt í sólpallinn og garðinn

Stanislas Bohic garðhönnuður veitir góð ráð í timbursöluinni að Súðarvogi 3-5, miðvikudaginn 16. maí frá kl. 14-18.



HÚSASMÍÐJAN

Sími 525 3000 • www.husa.is

Sellónámskeið með Erling Blöndal Bengtssyni

SELLÓLEIKARINN Erling Blöndal Bengtsson heldur námskeið, „master-class“ á Ísafirði undir yfirskriftinni „Sellódagur á Ísafirði 2001“. Námskeiðið verður haldið í Tónlistarskóla Ísafjarðar og hefst 9. júní og lýkur með tónleikum þann 12.

Erling Blöndal hefur leikið einleik með flestum þekktustu hljómsveitum heims og undir stjórn margra fremstu hljómsveitarstjóra heims. Hann hefur m.a. kennt við tónlistarháskólana í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Köln en frá árinu 1990 hefur hann verið pró-



Morgunblaðið/Arni Sæberg

Erling Blöndal Bengtsson á æfingu með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

fessor í sellóleik við Tónlistarháskólann í Ann Arbor, Michigan í Bandaríkjunum.

Unnt verður að taka við 10–12

virjum þátttakendum en fjölda áheyrnarmenda verða engin takmörk sett. Umsóknarrestur er til 18. maí nk.